

Thorhallur Hinriksson <th@arnarlou.is>

Til : Sveitarstjóri Dalir;johanneshh@simnet.is <johanneshh@simnet.is>
Frá : Thorhallur Hinriksson <th@arnarlou.is>
CC : Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>;Höskuldur Eiríksson <hoskuldur@bba.is>;Anna Björg Guðjónsdóttir <anna@bba.is>
Heiti : Laugar - aflétting fyrirvara
Málsnúmer. : 1609021
Málsaðili : Dalabyggð
Skráð dags : 5.4.2018 23:54:26
Höfundur : Thorhallur Hinriksson <th@arnarlou.is>

Sæll Sveinn,

Ég vísa í kauptilboð Arnarlóns í eignir Dalabyggðar og Dalagistingar að Laugum í Sælingsdal og Sælingsdalstungu. Í tilboðinu gerir Arnarlón fyrirvara, m.a. um fjármögnun og ástandsskoðun, sem fallið skal frá innan 6 vikna frá samþykki tilboðs. Fresturinn hefur verið framlengdur í nokkur skipti þar sem fjármögnun hefur dregist, nú síðast til og með 5. apríl 2018.

Það er mér ánægja að tilkynna að Arnarlón ehf. hefur lokið fjármögnun kaupanna og fengið lánsloforð frá Byggðastofnun og Kviku banka fyrir samanlagt 250m. og fellur því hér með frá fyrirvara skv. kauptilboði. Ástandsskoðunin hefur ekki leitt í ljós alvarlega ágalla á eigninni en þó eru atríði sem við viljum ræða betur en falla kannski meira undir almennar endurbætur og ástand eignanna við skil.

Við höfum verið að vinna í uppsetningu kaupsamninga og gerum ráð fyrir að senda fyrstu drög til yfirlestrar á næstu dögum. Við vonumst til að samningagerðin geti gengið fljótt fyrir sig og að afhending geti svo farið fram við fyrsta tækifæri.

Bestu kveðjur,

ÞH

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: föstudagur, 23. mars 2018 21:41
To: Thorhallur Hinriksson
Cc: johanneshh@simnet.is
Subject: Re: Laugar - framlenging frests til að falla frá fyrirvörum

Sæll Þórhallur
Umbeðinn frestur til 5. apríl samþykktur. Hvet þig til að knýja á um svör strax eftir helgina.
Mbk
Sveinn

Sent from my iPhone

On 23 Mar 2018, at 17:33, Thorhallur Hinriksson <th@arnarlou.is> wrote:

Sæll Sveinn,

Ég vísa í samtal okkar áðan. Ég hef enn ekki fengið upplýsingar um lánaskilmála frá Byggðastofnun og þarf því að óska eftir framlengdum fresti til að falla frá fyrirvörum kauptilboðs.

Í ljósi þess að í næstu viku eru páskar óska ég eftir því að frestur til að falla frá fyrirvörum verði framlengdur til og með fimmtudeginum 5. apríl. Vonandi fæ ég upplýsingarnar í næstu viku og við getum lokið málinu fyrir.

Vinsamlegast staðfestið móttöku og samþykki framlengingar þegar það liggur fyrir.

Sendi svo hér með til gamans fyrstu drög að teikningum að nýju hótélbyggingunni sem fékk í dag.

Kveðja,

ÞH

From: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>
Sent: mánudagur, 19. mars 2018 21:11
To: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlou.is>
Cc: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>
Subject: RE: Laugar - framlenging frests til að falla frá fyrirvörum

Sæll Þórhallur
Á óformlegum fundi sveitarstjórnar fyrr í kvöld var samþykkt að framlengja frest til að falla frá fyrirvörum kauptilboðs til og með föstudeginum 23. mars 2018.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is

Fyrirvari:
Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.
Disclaimer:
This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.
Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

From: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlon.is>
Sent: 19. mars 2018 16:15
To: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>
Cc: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>
Subject: RE: Laugar - framlenging frests til að falla frá fyrirvörum

Sælir,

meðfylgjandi er staðfesting á samþykki láns frá Byggðastofnun ásamt öðrum póstum með samskiptum. Ég hef ekki fengið upplýsingar um frekari skilmála lánveitingar en hún ætti að skýrast þegar ég fæ senda bókun stjórnar á allra næstu dögum.

Í ljósi þess að skilmálar hafa ekki verið kynntir óska ég eftir að frestur til að falla frá fyrirvörum kaupilboðs verði framlengdur til og með föstudeginum 23. mars 2018. Þið afsökunar á þessum töfum en vonandi er þetta síðasti hjallinn og ekki þörf að frekari frestum.

Kveðja,

PH

From: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>
Sent: föstudagur, 23. febrúar 2018 16:44
To: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlon.is>
Cc: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>
Subject: RE: Laugar - framlenging frests til að falla frá fyrirvörum

Sæll Þórhallur
Staðfesti að Dalabyggð veitir umbeðinn frest.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is

Fyrirvari:
Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.
Disclaimer:
This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.
Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

From: Thorhallur Hinriksson [<mailto:th@arnarlon.is>]
Sent: 21. febrúar 2018 20:10
To: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>
Cc: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>
Subject: RE: Laugar - framlenging frests til að falla frá fyrirvörum

Sælir,

fyrir hönd Arnarlóns ehf. óska ég hér með eftir framlengingu frests til að falla frá fyrirvörum kaupilboðs Arnarlóns í eignir Dalabyggðar og Dalagistingar að Laugum í Sælingsdal og Sælingsdalstungu. Óskast fresturinn framlengdur fram yfir næsta virka dag eftir næsta stjórnarfund Byggðarstofnunar sem áætlað er að verði haldinn þann 16. mars 2018 eða til 19. mars 2018. Verði næsti stjórnarfundur á öðrum degi en 16. mars 2018 skal hinn framlengdi frestur taka breytingum miðað af dagsetningu fundarins og gilda til og með næsta virka degi eftir fundinn.

Ástæða frestunar er sú að Byggðastofnun náði ekki að afgreiða umsókn í tíma fyrir stjórnarfund stofnunarinnar þann 16. febrúar sl. Umsóknin verður því tekin fyrir á næsta stjórnarfundum sem ekki hefur verið tímasettur en áætlað er að haldinn verði um miðjan mars en þeir eru að jafnaði haldnir með mánaðarfresti.

Vinsamlegast staðfestið móttöku og samþykki framlengingar þegar það liggur fyrir.

Kveðja,

PH

From: Sveitarstjóri Dalir [<mailto:sveitarstjori@dalir.is>]
Sent: föstudagur, 9. febrúar 2018 18:21

To: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlon.is>

Cc: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>; Jóhannes Haukur Hauksson (Jóhannes Haukur Hauksson (johanneshh@simnet.is)) <johanneshh@simnet.is>

Subject: RE: Laugar - framlenging frests til að falla frá fyrirvörum

Sæll Þórhallur

Staðfesti móttöku.

Framlengdur frestur til að falla frá fyrirvörum er þá til 24. febrúar nk.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is

Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.
Óli önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

From: Thorhallur Hinriksson [<mailto:th@arnarlon.is>]

Sent: 9. febrúar 2018 17:48

To: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>

Cc: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>

Subject: Laugar - framlenging frests til að falla frá fyrirvörum

Sæll Sveinn,

Ég vísa í kauptilboð Arnarlóns í eignir Dalabyggðar og Dalagistingar að Laugum í Sælingsdal og Sælingsdalstungu. Í tilboðinu gerir Arnarlón fyrirvara, m.a. um fjármögnun og ástandsskoðun, sem fallið skal frá innan 6 vikna frá samþykki tilboðs. Sá frestur rennur út á morgun 10. febrúar en kaupandi hefur þó rétt til að framlengja frestinn um 14 daga skv. tilboðinu.

Það tilkynnist hér með að Arnarlón ehf. mun nýta sér rétt til framlengingar um 14 daga eða til og með laugardeginum 24. febrúar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kveðja,

ÞH

Þórhallur Örn Hinriksson
Framkvæmdastjóri
th@arnarlon.is
S: 686-4085